


Dísella Lárusdóttir

sópran

Bjarni Frímann Bjarnason

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 4. júlí 2023 kl. 20:30

Dísella Lárusdóttir sópransöngkona hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum að undanfögnu við Metropolitan-óperuna í New York. Hefur söngur hennar hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda hrósaði stórblaðið New York Times henni fyrir fádæma nákvæmni og magnaða túlkun í hlutverkinu sem *Tye drottning* í uppsetningu Phelims McDermott á óperunni *Akhnaten* eftir Philip Glass. Síðastliðið vor hlaut Dísella hin virtu Grammy-verðlaun ásamt félögum sínum fyrir bestu óperuhljóðritun liðins árs.

Dísella þreytti frumraun sína hjá Metropolitan í mars 2013 og síðan þá hefur hún sungið í liðlega tug uppsetninga og hafa þrjár þeirra, *Francesca da Rimini* eftir Riccardo Zandonai, *Rusalka* eftir Antonin Dvorák og *Marnie* eftir Nico Muhly verið sýndar í beinni útsendingu í kvikmyndahúsum út um allan heim. Veturinn 2019–2020, áður en heimsfaraldur setti starf óperuhúsa úr skorðum, söng hún fjölbreytt hlutverk við Metropolitan - þar með talið *Giannettu* í *Ástardrykknum* eftir Donizetti, *Papagenu* í *Töfraflautu* Mozarts og *Woglinde* í *Götterdämmerung* eftir Wagner, auk áður nefndrar uppsetningar á verki Philips Glass.

Á undanfögnu árum hefur Dísella einnig látið til sín taka á óperusviðinu í Evrópu. Frumraun hennar þar var í óperu Alban Bergs, *Lulu*, í Róm 2017. Hún hefur einnig komið víða fram sem einsöngvari og má þar nefna Carnegie Hall í New York borg, Disney Hall í Los Angeles og á fjölda tónlistarhátíða í Bandaríkjunum.

Bjarni Frímann Bjarnason stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltdóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víólukonsert Bartóks á tónleikum með sveitinni. Í kjölfarið stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Bjarni hefur komið fram víða um heim,

Efnisskrá

- | | |
|------------------------------|---|
| Claude Debussy
1862–1918 | <i>Ariettes Oubliées</i> <ol style="list-style-type: none">1. C'est l'extase langoureuse2. Il pleure dans mon cœur3. L'Ombre des arbres4. Chevaux de bois5. Green6. Spleen |
| Richard Strauss
1864–1949 | <i>Vier Letzte Lieder</i> <ol style="list-style-type: none">1. Frühling2. September3. Beim Schlafengehen4. Im Abendrot |
| Reynaldo Hahn
1874–1947 | <i>Chanson grises</i> <ol style="list-style-type: none">1. Chanson d'automne5. L'heure exquise |

bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann hefur stjórnað flestum hljómsveitum á Íslandi við ýmis tækifæri. Þá hefur hann samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði hérlendis og erlendis. Bjarni Frímann hefur um árabíl komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður, meðal annars í Berlínarfílharmóníunni og Konzerthaus í Vínnarborg.

Bjarni Frímann gegndi starfi tónlistarstjóra íslensku óperunnar frá 2017 uns hann tók við stöðu staðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2019. Síðan þá hefur hann einnig meðal annars starfað sem hljómsveitarstjóri í verkefnum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og nýverið hefur hann ferðast með Björk sem hljómsveitarstjóri á tónleikaferðalaginu Cornucopia.

Næstu tónleikar:

11. júlí Vorahnung / Fyrirboði

Marina Margaritta Colda sópran og **Julia Tinhof** píanó.

Tónleikar tileinkaðir austurríkismanninum Victor Urbancic sem kom hingað til lands árið 1938 ásamt Melittu eiginkonu sinni. Hann var hámenntaður tónlistarmaður, afburða píanisti, orgelleikari og tónskáld og skildi eftir sig djúp spor í íslensku tónlistarlífi.

18. júlí Sumarnætur

Trío Frigg. Íris Björk Gunnarsdóttir sópran, **Rebekka Ingi-bjartsdóttir** sópran og fiðla, og **Ólína Ákadóttir** píanó.

Vorleg, rómantísk og lífleg efnisskrá og hafa konur samið öll verkin.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana

Described by The New York Times as “reliably breathtaking” and the Opera News as having a voice of “bewitching beauty and presence” Grammy Award winning soprano **Dísella Lárusdóttir** is quickly gaining international attention for being one of the most promising talents of her generation. With her beautiful voice, compelling artistry, charismatic stage presence, and unusual musical stylistic versatility, Dísella is successfully redefining what it means to be an opera singer today.

After her debut at the Metropolitan in March 2013 Dísella has performed in over a dozen stage productions, three of which - Riccardo Zandonai's *Francesca da Rimini*, Antonin Dvorák's *Rusalka* and Nico Muhly's *Marnie* - have been broadcasted live in cinemas around the world. For her role of Queen Tye in Phelim McDermott's remarkable production of Philip Glass' *Akhnaten* she received notable critical acclaim. Other roles at the Metropolitan Opera include *Giannetta* in *L'elisir d'Amore* by Donizetti, *Flowermaiden* in *Parsifal* by Wagner, *Papagena* in the *Magic Flute* by Mozart, *Barena* in *Jenůfa* by Janáček, *First wood sprite* in *Rusalka* by Dvořák, *Garsenda* in *Francesca da Rimini* by Zandonai and *Woglinde* in the *Götterdämmerung* and *Das Rheingold* by Richard Wagner.

Dísella has also taken to the opera stage in Europe. Her debut there was in Alban Berg's opera, *Lulu*, in Rome 2017. She has also performed widely as a soloist, including Carnegie Hall in New York City, Disney Hall in Los Angeles and at numerous music festivals in the United States.